

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 28. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Rektor er heimilt að ákveða, að fenginni rökstuddri tillögu viðkomandi deildarforseta og forseta fræðasviðs, að starfsheiti vísindamanns, fræðimanns eða sérfræðings verði rannsóknaprófessor, rannsóknadósent eða rannsóknalektor.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. reglnanna:

- a. Í stað dagsetningarinnar „20. ágúst“ í 2. málslíð 1. mgr. kemur: 15. ágúst.
- b. Í stað dagsetningarinnar „4. janúar“ í 1. málslíð 2. mgr. kemur: 3. janúar.

3. gr.

Í upptalningu lærdómstítla undir tölulið 2.1 í 1. mgr. 55. gr. reglnanna, á eftir orðunum „Master of Education“, bætast við orðin Master of Teaching og á eftir skammstöfuninni „M.Ed.“ í sama tölulið bætist við skammstöfunin MT.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. reglnanna:

- a. Á eftir 1. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Deildum er heimilt, að höfðu samráði við prófstjóra og með samþykki stjórnar viðkomandi fræðasviðs, að halda sjúkra- og endurtökupróf vegna desemberprófa á fjögurra til fimm daga tímabili í fyrstu og/eða annari viku janúar ár hvert. Miðað skal við að fyrsti prófdagur sé eins skjótt og hægt er eftir lok jólaleyfis nemenda (19. desember til 3. janúar). Jafnframt er heimilt að halda sjúkra- og endurtökupróf vegna vormisseris á fjögurra til fimm daga tímabili í byrjun júní, samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra.
- b. Orðin „samfímis sjúkraprófum vormisseris“ í 2. málslíð núverandi 2. mgr. falla brott.

5. gr.

Á eftir orðunum „á próftímabili í desember“ í 5. málslíð 1. mgr. 60. gr. reglnanna bætast við orðin: nema í þeim tilvikum þar sem boðið er upp á endurtökupróf í janúar.

6. gr.

Á eftir 21. mgr. 84. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Diplómanám í þjóðfræði er sjálfstætt 30 eininga nám að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaranám í þjóðfræði.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 117. gr. reglnanna:

- a. Á eftir staflíð a í upptalningu kennslugreina í 1. mgr. bætist við nýr staflíður, svohljóðandi:

Til MT-prófs: Kennsla erlendra tungumála; kennsla íslensku; kennsla list- og verkgreina; kennsla náttúrugreina; kennsla samfélagsgreina; kennsla stærðfræði; kennsla upplýsinga-tækni og miðlunar; menntun framhaldsskólakennara; menntavísindi.
- b. Á eftir 7. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Til MT-prófs er krafist 120 eininga náms að loknu B.Ed.-prófi frá deildinni, eða bakkalár-prófi í skyldum greinum. Nám til MT-prófs er á stigi 2.1 samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður. Það telst því viðbótarpróf á meistarastigi og veitir ekki aðgang að doktorsnámi.
- c. Í stað orðanna „BA- eða BS-prófi“ í 1. málslíð núverandi 8. mgr. kemur: bakkalárprófi.

- d. Í stað orðanna „60 eininga framhaldsnám“ í 1. málslíð núverandi 13. mgr. kemur: 30 eininga eða 60 eininga nám á meistarastigi.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 119. gr. reglnanna:

- a. Á eftir staflið c í upptalningu kennslugreina í 1. mgr. bætist við nýr stafliður, svohljóðandi:
Til MT-prófs: Heilsuefling og heimilisfræði; íþrótt- og heilsufræði.
- b. 8. mgr. fellur brott.
- c. Á eftir núverandi 11. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Til MT-prófs er krafist 120 eininga náms að loknu B.Ed.-prófi frá deildinni, eða bakkalárprófi í skyldum greinum. Nám til MT-prófs er á stigi 2.1 samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður. Það telst því viðbótarpróf á meistarastigi og veitir ekki aðgang að doktorsnámi.
- d. Í stað orðanna „BA-, B.Ed.- eða BS-prófi í námsleiðum deildarinnar eða skyldum greinum“ í 1. málslíð núverandi 12. mgr. kemur: bakkalárprófi í námsleiðum deildarinnar eða í skyldum greinum.
- e. Í stað orðanna „BA-, B.Ed.- eða BS-prófi“ í 1. málslíð núverandi 13. mgr. kemur: bakkalárprófi.
- f. Á eftir núverandi 15. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Framhaldsnám til meistara- og doktorsprófs er skipulagt samkvæmt þessum reglum og nánari reglum sem deild heilsueflingar, íþrótt- og tómtunda setur og háskólaráð staðfestir, sbr. 66.-69. gr. þessara reglna. Lýsing á náminu skal koma fram í kennsluskrá.
- g. Núverandi 16. mgr. breytist og orðast svo:
Diplómanám í heilbrigði og heilsuuppeldi er sjálfstætt 30 eininga nám á meistarastigi.
- h. Núverandi 17. mgr. breytist og orðast svo:
Diplómanám í hagnýtri heilsueflingu er sjálfstætt 60 eininga nám á meistarastigi.
- i. Núverandi 18. mgr. breytist og orðast svo:
Diplómanám í tómtunda- og félagsmálafræði er sjálfstætt 30 eininga eða 60 eininga nám á meistarastigi.
- j. Á eftir núverandi 18. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Nám til viðbótar diplómu er hægt að fá metið inn í meistaranám, að uppfylltum inntöku-skilyrðum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. reglnanna:

- a. Á eftir staflið a í upptalningu kennslugreina í 1. mgr. bætist við nýr stafliður, svohljóðandi:
Til MT-prófs: Leikskólakennarafræði; menntunarfræði leikskóla; grunnskólakennsla yngri barna; kennslufræði yngri barna í grunnskóla; mál og læsi; menntun án aðgreiningar.
- b. Á eftir 8. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Til MT-prófs er krafist 120 eininga náms að loknu B.Ed.-prófi frá deildinni, eða bakkalárprófi í skyldum greinum. Nám til MT-prófs er á stigi 2.1 samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður. Það telst því viðbótarpróf á meistarastigi og veitir ekki aðgang að doktorsnámi.
- c. Í stað orðanna „BA- eða BS-prófi“ í 1. málslíð núverandi 9. mgr. kemur: bakkalárprófi.
- d. Í stað orðsins „meistaránámi“ í 1. málslíð núverandi 11. mgr. kemur: grunn- og meistaranámi.
- e. Í stað orðanna „30 eininga framhaldsnám“ í 1. málslíð núverandi 14. mgr. kemur: 30 eininga nám á meistarastigi.
- f. Í stað orðanna „framhaldsnám til 30 eða 60 eininga“ í 1. málslíð núverandi 15. mgr. kemur: 30 eininga eða 60 eininga nám á meistarastigi.
- g. Í stað orðanna „60 eininga framhaldsnám“ í 1. málslíð núverandi 16. mgr. kemur: 60 eininga nám á meistarastigi.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „BA-, B.Ed.- eða BS-prófi“ í 1. málslíð 8. mgr. og 1. málslíð 9. mgr. kemur: bakkalárprófi.
- b. Í stað orðsins „meistaránámi“ í 1. málslíð 10. mgr. kemur: grunn- og meistaránámi.
- c. Á eftir 10. mgr. bætast við tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Til doktorsprófs í menntavísindum, Ed.D., er krafist minnst 180 eininga að loknu meistara-prófi og til doktorsprófs í menntavísindum, Ph.D., er krafist 180–240 eininga að loknu meistaraprófi.
Framhaldsnám til meistara- og doktorsprófs er skipulagt samkvæmt þessum reglum og nánari reglum sem deild menntunar og margbreytileika setur og háskólaráð staðfestir, sbr. 66.–69. gr. þessara reglna. Lýsing á náminu skal koma fram í kennsluskrá.
- d. Í stað orðanna „60 eininga nám“ í 1. málslíð núverandi 12. mgr. kemur: 30 eininga eða 60 eininga nám.
- e. Á eftir núverandi 13. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Nám til viðbótardiplómu er hægt að fá metið inn í meistaránám, að uppfylltum inntöku-skilyrðum.
- f. Núverandi 14. og 15. mgr. falla brott.

11. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 12. febrúar 2020.

Jón Atli Benediktsson.

Dórður Kristinsson.